**Fundargerð**

**242. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**

Þriðjudaginn 24. október 2017 kl. $12^{15}$ – $13^{20}$.

| | | |
|---|---|---|
| Viðstödd: | Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður | Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. |
| | Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi) | Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari. |
| | Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi) | |
| | Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) | |
| | Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi) | |
| | Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) | |
| | Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi) | |
| | Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) vm (LG) | |

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:
(1) Fundargerð síðasta fundar
(2) Fjölpóstur
(3) Rekstur 2017
(4) Önnur mál

**1. Fundargerð**
Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (241. fundar).

*Samþykkt*

**2. Fjölpóstur**
Framhaldið var umræðu um álagningu úrvinnslugjalds á fjölpóst frá síðasta fundi stjórnar. Lögð voru fram á fundinum drög að svarbréfi til UAR sem sent var stjórnarmönnum í síðustu viku. Ýmsar ábendingar bárust frá stjórnarmönnum fyrir fundinn sem fundarmenn fóru nánar yfir. Stjórnarmenn ræddu innihald og framsetningu á bréfinu.

*Orðalag bréfsins var samþykkt og skal það sent til hlutaðeigandi hjá UAR. ÓK falið að senda bréfið.*

Stjórnarmenn telja að umræðu skuli haldið áfram um álagningu úrvinnslugjalds á pappír og prentefni sem almenna álagningu, frekar en sértæka á fjölpóst.

**3. Rekstur 2017**
Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir rekstur vöruflokka Úrvinnslusjóðs janúar – ágúst 2017. Rætt var um erfiðleika á endurvinnslumarkaði með blandað plast frá heimilum.

**4. Önnur mál**
Engin.

Næsti fundur ákveðinn 7. nóvember 2017.
Fundi slitið kl. 13.20